



Landssamband Heilbrigðisstofnana

8. fundur stjórnar 13.11.2015 Kl 11:00-12:00, hótél Natura, Reykjavík.

Mættir voru: Hildigunnur Svavarsdóttir, formaður, Jón Hilmar Friðriksson, varaformaður, Elís Reynarsson, gjaldkeri, Oddur Steinarsson, varamaður, og Eydís Sigurðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon sem ritaði fundargerð.

Nína Hrönn Gunnarsdóttir og Rósa Marinósdóttir boðuðu forföll.

- Fundargerð síðasta fundar (7. fundur stjórnar)**, fylgdi með fundarboði, engar athugasemdir bárust með tölvupósti eða gerðar á fundinum. Fundargerð samþykkt.
- Aðalfundur og málþing í dag (13. nóvember 2015)** verður á Hótél Natura, Fundurinn hefst með aðalfundi kl 13-14 og málþingið tekur svo við og er frá 14-16.
 - Elís gjaldkeri kynnti ársreikning sambandsins. Hann útskýrði meðal annars lækkun tekna frá fyrra ári en búið er að fækka um tvær stofnanir: Sunnuhlíð og Sólvang. Kynnti jafnframt að tvö síðustu árgjöld Sunnuhlíðar verði afskrifuð eftir samtöl við forsvarsmenn Sunnuhlíðarsamtakanna. Í Efnahagsreikningi kom fram að allir aðrir hafa greitt árgjaldið. Einnig er búið að skipta um viðskiptabanka sambandsins eins og samþykkt var í upphafi starfsársins.
 - Elís kynnt fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2015-2016 en hún hafði áður verið send stjórnarmönnum til kynningar. Áður hafði verið samþykkt að árgjöld komandi starfsárs yrðu þau sömu og á síðasta starfsári. Fjárhagsáætlun samþykkt án athugasemda.
 - Umræður um nýja stjórn og áframhaldandi stjórnarsetu. Hildigunnur gefur kost á sér til formanns í eitt ár í viðbót (kosið er til eins árs í senn), Jón Hilmar gengur úr stjórn en Lilja í framkvæmdastjórn Landspítala gefur kost á sér til stjórnarsetu. Pétur er að klára fyrra kjörtímabil sitt (2013-2015) og gefur kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Umræður. Á síðasta aðalfundir voru 3 varamenn kosnir inn í stjórn til tveggja ára. Gæta verður þess næsta aðalfundi að einn stjórnarmaður verði bara kosinn í eitt ár svo jafnvægi komist á tímabil stjórnarmanna.
 - Skipulag aðalfundar. Oddur verður fundarstjóri aðalfundar og Eydís ritari samkvæmt samþykkt síðasta stjórnarfundar. Sigurður E. Sigurðarsson tilnefndur fundarstjóri málþings og er það samþykkt.
- Vorfundur LH 2016**. Formaður lagði áherslu á að skipulagi vorfunda sé haldið, þ.e. að þeir færast sjálfkrafa eftir landssvæðum. Vorfundur 2016 verði á Suðurnesjum og Vorfundur 2017 á Suðurlandi, stjórnarmenn sammála því. Ákveðið að vorfundur 2016 verði 14.-15. apríl (fim/fös) í Reykjanesbæ. Eftir umræður var ákveðið að þemað að þessu sinni verði



Heilsugæsla almennt, „primary care.“ Efnistöð gætu t.d. verið: áherslur, þróun, fjölgun fagstétta, rekstrarmódel, e-health, starfsfólk, sjónhorn sjúklings o.fl.

-Ákveðið að Oddur, Hildigunnur, Nína og Eydís verði í undirbúningshópi vegna dagskrár.

Stefna að því að drög liggi fyrir á næsta stjórnarfundum.

-Stjórnarmenn hvattir til að senda hugmyndir varðandi dagskrá á formann.

4. Önnur mál:

- a. Nínu Hrönn og/eða Pétri falið að hafa samband við hýsingaraðilla heimasíðunnar og biðja um að endurskoða logo samtakanna í síðunni; gera það meira áberandi og stækka það.
- b. Formaður kynnti eyðublað frá viðskiptabanka samtakanna til að fá undirskriftir stjórnarmanna en breytingar á stjórn þarf að kynna bankanum innan mánaðar. Formaður klárar svo málið í samvinnu við gjaldkera.

Næsti fundur stjórnar: Ekki ákveðinn, formaður mun boða til næsta fundar á nýju ári.

Fundi slitið 12:25

Pétur Magnússon ritaði fundargerð